

Skólaráðsfundur

FUNDARGERÐ	Tílefni fundar		
	Annar fundur skólaársins, sjá fundardagskrá		
Dags. fundar 18.október 2011	Tími 08:15 – 09:30	Staður Skrifstofa skólastjóra, Hjalla	Nr. fundar 2
Fundarboðandi Sigrún B.	Fundarritari Brynja Dís	Fundarstjóri Sigrún B.	Fj. bls. 2

Boðaðir voru:

Sigrún Bjarnadóttir, Anna Guðný Björnsdóttir, Eiríkur Ólafsson, Jón Magnússon (varamaður Rúnu Bjarkar Þorsteinsdóttur), Særún Sigurjónsdóttir, Ragnheiður Bóasdóttir, Baldur Freyr Hilmarsson og Bolli Magnússon.

Mættir voru:

Allir boðaðir.

Málefni fundar:

1. Öryggismál
2. Mat á skólastarfi
3. Skólapúlsinn
4. Skólareglur og handbók
5. Nemendafélag Álfhólsskóla
6. Önnur mál
7. Næsti fundur

Málefni	Niðurstaða
1. Öryggismál	<ul style="list-style-type: none"> • Málefni fundar í öryggisnefnd 3. október voru kynnt. • Brunaeftirlitið kom hingað í sept. Komu með athugasemdir sem hefur verið bætt úr. • Brunaæfing verður í fyrramálið í Hjalla og Digranesi. • Athugasemd varðandi hættulegar girðingar Digransemegin. Beðið er eftir aðilum frá Kópavogsbæ til að laga þetta. • Athugasemdir varðandi sundrútur: Skólastjóri mun boða til fundar með aðilum frá Teiti og ræða þær athugasemdir hafa borist.
2. Mat á skólastarfi	<ul style="list-style-type: none"> • Mat á skólastarfi – Búið að setja upp svæði á heimasíðu. • Skýrsla um stefnumótun skólaársins 2010 – 2011 tilbúin og verður aðgengileg á heimasíðu. • Eineltiskönnun frá maí 2011 – verið er að vinna úr niðurstöðum.
3. Skóla-púlsinn	<ul style="list-style-type: none"> • Septembermæling komin og eru mælingar birtar mánaðarlega á heimasíðu undir Skólapúls- hnappinum.
4. Skólareglur og handbók	<ul style="list-style-type: none"> • Skólareglur – Lagfæringum og yfirllestri er lokið. Verða kynntar og afhentar nemendum, stafsólki og foreldrum fljótlega. • Handbók með skólareglum og eineltisáætlun skólans – Lagfæringum og yfirllestri er lokið. Ákveðið var að bíða með lokafrágang hennar þar til mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur gefið út nýja reglugerð um skólabrag sem er væntanleg á næstu vikum.
5. Nemendaráð Álfhólsskóla	<p>Nemendur á unglíngastigi búnir að kjósa fulltrúa í nemendaráð. Fulltrúar nemenda í skólaráði komu með málefni inn á fundinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Mötuneyti: Nemendur þurfa að sýna starfsfólki meiri virðingu, nemendur fylgi reglum í matsal, bæta umgengni. Tillögur að hvatakerfi: refsing eða umbun – hvort virkar betur á nemendum? • Gangar: Þrengsli sem mætti leysa með því að opna inn í tvær stofur í frímínútum. • Haustpróf: Nemendur vilja frekar hafa próf í desember en janúar.

Álfhólsskóli

6. Önnur mál	<ul style="list-style-type: none">• Matarmál: Kanna ánægju og leiðir til að auka hana• Samræmd próf: Nemendur eru sáttir við tímasetninguna og fannst sumt í þeim óeðlilega erfitt. Niðurstöður verða skoðaðar á næsta fundi ef þær verða tilbúnar frá Námsmatsstofnun. Skólinn sendi athugasemd til námsmatsstofnunar álags sem prófin valda í skólastarfinu, yrði léttara ef prófunum væri deilt á t.d. vör vikur.• Frá foreldrafélaginu: Fyrirspurn varðandi eyðu í fyrsta tíma í töflu nemenda í 7. bekk, óheppilegt að svo ungir nemendur séu með eyðu. Svar skólastjóra: Skipulag vegna sunds og íþróttar orsakaði þessar óheppilegu eyður vegna þess að áhersla var lögð á að nemendur færu í sund í lok skóladags en ekki í fyrstu tíma á morgnana. Reynt verður að fyrirbyggja að þetta gerist aftur.
7. Næsti fundur	<ul style="list-style-type: none">• 23. nóvember: 3. fundur skólaráðs.• 06. desember: Skoðunarfundur (húsnæði skólans skoðað).